



Reykjavík, 10. október 2019

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
Málefнасvið: Orkumál

Umsögn Orku heimilanna um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar

Við fögnum því að til umsagnar sé komin breyting á Reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar 1050/2004 og þeim réttarbótum sem með breytingunum fylgja.

Að okkar mati er margt gott í þessum breytingum. Sérstaklega ber þar að nefna reglur um þjónustuveitendur sem skýrir það tómarúm sem hefur verið vegna aukins fjölda aðila sem bjóða viðskiptavinum sínum rafmagn. Styttri frestur þegar kemur að rétti notanda til að segja upp sölusamningi og auðveldari viðskipti við hleðslustöðvar raforku. Annað er ekki eins gott. Við komum hér á eftir til með að fara yfir og skýra okkar sýn á þessar breytingar, setja fram athugasemdir og benda á það sem við teljum að þurfi að gera betur eða vanti í reglugerðina.

Athugasemdir okkar snúa fyrst og fremst að framkvæmd notendaskipta sem við teljum að helst sé ábótavant í þessum drögum. Raforkulög nr. 65/2003 og reglugerðir 1050/2004 og 1040/2005 ásamt síðari breytingum, eru að mörgu leiti vel samín og skýr um það hvernig raforkumarkaðurinn á Íslandi á að starfa. Í þeim er tekið á atriðum sem koma til álita þegar raforkukaupendur taka við nýrri rafmagnsveitu eða skipta um söluaðila. Það segir meðal annars í núverandi lögum:

- Notandi á frá og með 1. janúar 2006 rétt á að velja sér sölufyrirtæki.
 - 1. mgr. 7. gr. Reglugerðar 1050/2004.
- Raforkusölufyrirtæki ber að gera staðlaðan samning við viðskiptavinum sína. Þetta tryggir að raforkukaupendur séu upplýstir um þau viðskipti sem þeir eru í.
 - 4. gr. Reglugerðar 1050/2004. Um skyldur sölufyrirtækja segir í fyrsta tölulið „Í því skyni ber sölufyrirtækjum að gera raforkusamning við viðskiptavinum“.

- 4. mgr. 7. gr. Reglugerðar 1050/2004. „Staðlaður samningur um viðskipti með raforku milli sölufyrirtækis og almenns notanda skal liggja til grundvallar viðskiptum með raforku.“
- Dreifiveitu er óheimilt að veita athygli á einu sölufyrirtæki umfram annað.
 - 2. mgr. 7. gr. Reglugerðar 1050/2004.
 - 9. tölul. 23. gr. Reglugerðar 1040/2005.
- Ef raforkukaupandi gerir ekki samning við söluaðila ber dreifiveitu að taka viðkomandi aðila í söluviðskipti og afhenda honum orku með 50% álagi. Á reikningi skal upplýsa um álagið og ástæðu þess. Dreifiveita þarf ekki leyfi til raforkusölu til að uppfylla þessa skyldu sína.
 - 7. gr. Reglugerðar 1050/2004.

Leiðbeiningar um raforkumarkaðinn og hvernig aðilar skulu bera sig að kemur fram á ýmsum stöðum og t.d. segir:

Á heimasíðu Orkustofnunnar:

Dreifiveitunum sem sjá um dreifingu raforku til notenda ber lagaskylda til að gera nýjum raforkukaupendum skýra grein fyrir rétti sínum til að velja sér raforkusala.

Nýir kaupendur teljast þeir vera sem:

- fá rafmagn í nýjar íbúðir eða ný hús eða
- hafa ekki keypt rafmagn undanfarna 12 mánuði.

Nýr notandi fær strax afhent rafmagn en fær fjögurra vikna umþóttunartíma til að kynna sér það sem í boði er og semja um rafmagnskaup sín. Hafi hann ekki undirritað raforkusamning að fjórum vikum liðnum við dreifikerfið ber dreifiveitunni á svæðinu að sjá honum áfram fyrir rafmagni en ofan á söluverð þess leggst þá aukagjald sem fellur niður þegar kaupandinn hefur gert raforkukaupasamning.

<https://orkustofnun.is/vfirflokkur/raforkunotandinn/nyir-rafmagnskaupendur/>

Í Netmálum Landsnets:

10.3 Ferli fyrir flutning inn þegar notandi skiptir við annað sölufyrirtæki en fyrir var í mælistað er sýnt á mynd 5. Þegar notandi eða aðili fyrir hans hönd tilkynnir til dreifiveitu um flutning inn, skal tilgreina hvaða sölufyrirtæki mun annast raforkusölu til notandans. Sá sem skráir notendaskiptin fyrir hönd dreifiveitu skal senda tengilið tilgreinds sölufyrirtækis í tölvupósti kennitölu mælistaðar og notanda ásamt staðsetningu mælistaðar þannig að

sölufyrirtækið geti í síðasta lagi einum virkum degi áður sent tilkynningu í formi Z03LK skeytis um raforkusölusamning í mælistað.

<https://www.landsnet.is/vidskipti/vidskipti/vidskiptaumhverfi/netmalar/skilmalar-um-samskipti-adila-a-raforkumarkadi-b6/>

Þó skýrt hafi verið í löggjöf um raforkuviðskipti hvernig eigi að bera sig að, hefur framkvæmd verið með allt öðrum hætti. Hér fyrir neðan lýsum við því hvernig framkvæmdin hefur verið og er enn í dag:

1. Notandi tilkynnir notendaskipti til dreifiveitu.
2. Dreifiveita framkvæmir notendaskipti í kerfi Netorku. Um leið er viðkomandi raforkukaupandi sem tekur við veitunni settur í viðskipti við sölufyrirtæki. Þetta gerist þrátt fyrir að:
 - viðtakandi raforkukaupandi sé í viðskiptum við annað sölufyrirtæki.
 - sölufyrirtæki sem fær raforkukaupanda sjálfgefið í viðskipti hafi ekki gert við hann skriflegan samning.
 - án þess að dreifiveita veiti raforkukaupanda lögbundinn rétt til að velja sér söluaðila.

Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að markaðshlutdeild sölufyrirtækja sem fá alla nýja viðskiptavini á dreifiveitusvæði tengdrar dreifiveitu, er mjög há. Markaðshlutdeild sölufyrirtækjanna er í dag eitthvað á þessa leið:

Orka náttúrunnar	90%+ markaðshlutdeild á dreifiveitusvæði Veitna
Orkusalan	90%+ markaðshlutdeild á dreifiveitusvæði Rarik
HS Orka	90%+ markaðshlutdeild á dreifiveitusvæði HS Veitna
Orkubú Vestfjarða	90%+ markaðshlutdeild á dreifiveitusvæði Orkubús Vestfjarða
Fallorka	90%+ markaðshlutdeild á dreifiveitusvæði Norðurorku
Rafveita Reyðarfjarðar	90%+ markaðshlutdeild á dreifiveitusvæði Rafveita Reyðarfjarðar

Tölur um markaðshlutdeild eru aðeins breytilegar eftir því hvort horft er til seldra kWst, fjölda veitna í viðskiptum eða fjölda viðskiptavina. Netorka hefur þessar tölur frá 2006 nákvæmlega niður á söluaðila og dreifisvæði og teljum við að þessar tölur ættu að vera opinber gögn.

Með þessum hætti hafa fyrirtæki í raun skipt með sér markaðnum með augljósum afleiðingum fyrir neytendur. Þessu fyrirkomulagi er komið á með samstafi aðila á markaði í gegnum samtök Samorku og Netorku sem við teljum að sé afar óeðlilegt.

Þrátt fyrir skýra löggjöf hafa brot á henni verið látin óátalin af eftirlitsstofnunum eins og Orkustofnun og Samkeppniseftirlitinu. Á því má sjá að ekki er nóg að setja lög, heldur verða að vera til staðar úrræði sem tryggir að farið sé að lögum. Nauðsynlegt er að löggjöf og eftirlitaðilar tryggi að þeir sem brjóti lög séu alla vega ekki betur settir eftir lögbrotin.

Athugasemdir við Drögin

Hér á eftir munum við fjalla um athugasemdir Orku heimilanna við einstaka greinum í drögum að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar 1050/2004, í þeirri röð sem þær koma fram í reglugerð.

2. mgr. 7. gr.

Raforkusala ber að gera samning við almennan notanda sem óskar eftir viðskiptum við hann. Þegar samningur hefur komist á milli almenns notanda og raforkusala ber raforkusala að senda dreifiveitu beiðni um að opna fyrir dreifingu til almenns notanda neysluveitu. Ákvörðun sölufyrirtækis um að hafna raforkuviðskiptum er hægt að beina til Orkustofnunar í formi kvörtunar.

Eins og hefur verið í reglugerðum frá 2006 þá ber öllum raforkukaupendum að gera samning um raforkukaup og raforkusölufyrirtæki ber að gera samning við raforkukaupanda. Í gildandi reglugerð segir að notandi byrji að fá afhent rafmagn um leið og hann tekur við veitu og svo hafi hann mánuð til að velja sér söluaðila.

Er með drögunum verið að leggja til að rafmagn sé tekið af raforkukaupanda við notendaskipti, og ekki sett á aftur fyrr en sölufyrirtæki hefur sent ósk um að opnað sé fyrir dreifingu til almenns notanda neysluveitu?

Við teljum að hér sé um afturför frá gildandi reglugerð að ræða. Þetta gerir allt mun erfiðara í framkvæmd og síst til þess fallið að auðvelda viðskiptavinum notendaskipti.

3. mgr. 7. gr.

Við upphaf raforkuviðskipta, bæði þegar almennur notandi stofnar nýja neysluveitu og þegar almennur notandi flytur neysluveitu innan dreifiveitusvæðis eða milli dreifiveitusvæða, ber dreifiveitu skylda til að leiðbeina notanda með hvaða hætti hann geti valið sér raforkusala, hafi samningur ekki verið þá þegar gerður. Dreifiveitu er óheimilt að tengja almennan notanda við veitu nema fyrir liggi staðfestur samningur af hálfu almenns notanda um af hverjum hann kys að kaupa raforkuna af. Við leiðbeiningarskyldu sína skal dreifiveita gæta jafnræðis í hvívetna og er henni óheimilt að vekja athygli notanda á einu sölufyrirtæki umfram annað. Dreifiveita skal m.a. veita upplýsingar um hvar gjaldskrár sölufyrirtækja er að finna, ferli við upphaf raforkuviðskipta og um afleiðingar þess ef raforkusali er ekki valinn.

Í fyrsta lagi þá flytur notandi aldrei neysluveitu. Hann annað hvort hættir að vera skráður fyrir veitu, veita er lögð niður, notandi skráir sig á nýja veitu eða á veitu sem þegar er til staðar.

Það að dreifiveitu sé óheimilt að tengja almennan notanda við veitu nema fyrir liggi samningur, er afturför og skerðing á réttindum neytenda. Einnig er erfitt að sjá hvernig þetta yrði útfært, hvort taka eigi af rafmagnið þegar notandi skráir sig af veitu og ekki sett á aftur fyrr en nýr

notandi hefur gert samning við sölufyrirtæki? Í dag hefur neytandi 30 daga til að klára samning við sölufyrirtæki.

Einnig fer þetta gegn 23. gr. Reglugerðar 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga. En þar segir: „Dreifiveitu er m.a. skylt að: Útvega raforku til þeirra notenda á sínu dreifiveitusvæði, sem ekki hafa valið eða eiga ekki kost á að velja raforkusala, ...“

4. mgr. 7. gr.

Dreifiveitu ber skylda til að tengja almennan notanda neysluveitu um leið og samningur almenns notanda og raforkusala hefur tekið gildi. Við tengingu veitu kemst á tengisamningur milli dreifiveitu og almenns notanda. Raforkusali skal upplýsa almennan notanda um samningsskilmála dreifiveitna við upphaf viðskipta þar með talið kostnað við að loka og opna veitu.

Þó lítið mál sé að upplýsa um samningsskilmála dreifiveitu þá er okkur ómögulegt að skilja af hverju sölufyrirtæki á að gera það. Dreifiveita er með sérleyfi og notandi á ekki val um hvort hann hefji viðskipti við hana. Dreifiveitu er í lófa lagið að vísa í skilmála sína á heimasíðu sinni eins og þeir gera í dag.

6. mgr. 7. gr.

Almennur notandi getur óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna verulega breyttra forsendna eða ef rökstuddar ástæður fyrir breytingu liggja fyrir. Hann getur einnig farið fram á leiðréttingu reiknings af sömu ástæðum. Breytingu á áætlun um orkunotkun ber sölufyrirtæki að tilkynna viðkomandi dreifiveitu.

Þetta ákvæði er í sjálfu sér óþarft þar sem nóg er fyrir raforkukaupanda að senda inn álestur til dreifiveitu. Áætluð dagsnotkun ætti þá að breytast í samræmi við breytta notkun. Það gæti þurft að senda inn tvisvar með smá tíma á milli álestra og ætti þá áætlunin að leiðrættast.

Ef sölufyrirtæki á að koma að álestrum mæla dreifiveitna teljum við að til þess þurfi mun skýrari reglur frá löggjafanum.

11. mgr. 7. gr.

Fyrir 1. janúar 2021 skulu sölufyrirtæki hafa gert staðlaðan samning við notendur um viðskipti með raforku.

Í dag er sölufyrirtækjum skylt að gera skriflegan samning við raforkukaupanda um kaup þeirra á raforku. Krafan um að neytandi velja sér söluaðila tryggir að hann sé meðvitaður um í hvaða viðskiptum hann er.

Ef þetta ákvæði gengur eftir er verið að setja í reglugerð að raforkusölufyrirtæki þurfi ekki að gera skriflegan samning við raforkukaupanda frá gildistöku þessarar reglugerðar og fram til 1. janúar 2021. Fyrir gildistöku og eftir 1. janúar er raforkufyrirtæki skylt að gera skriflegan samning og væri við hæfi að Orkustofnun hefði eftirlit með því að það sé gert.

Þessi málsgrein rýrir rétt neytenda og er í andstöðu við markmið þessara breytinga sem er í formála með þessum drögum, að efla neytendavernd á sviði raforkumála.

1. mgr. 42. gr.

Dreifiveitu er heimilt að annast útsendingu og innheimtu reikninga fyrir sölufyrirtæki. Nýti dreifiveita sér þessa heimild og semji um slíka þjónustu við eitt sölufyrirtæki, skal öðrum sölufyrirtækjum standa til boða sama þjónusta á sömu kjörum.

Þegar dreifiveita, sölufyrirtæki eða annar aðili annast útsendingu reikninga bæði fyrir sölufyrirtæki og dreifiveitu (og jafnvel fleiri) kemst á mjög óeðlilegt samband á milli dreifiveitu og sölufyrirtækis.

Dreifiveita hefur sérleyfi og eru þannig með alla viðskiptavinum á sínu dreifisvæði. Það gefur auga leið að dreifiveitur eru með mikinn fjölda viðskiptavina og hafa í krafti fjöldans fengið góð kjör á ýmissi þjónustu, t.d. banka, innheimtustofnanna og annara aðila. Mjög óeðlilegt er að einstaka söluaðilum standi til boða að njóta þeirrar stærðarhagkvæmni en öðrum ekki.

Þó öðrum sölufyrirtækjum standi sama þjónusta til boða þarf það ákvæði að vera mun skýrara ef jafnræði á að vera milli sölufyrirtækja. T.d. ætti aðili sem innheimtir bæði fyrir dreifiveitu og sölufyrirtæki eingöngu að mega rukka eitt fast gjald á kröfu. Þannig yrði tekið fyrir tæknilegar aðgönguhindranir eins og tengikostnað og annað sem kann að vera sett til þess að koma í veg fyrir að önnur sölufyrirtæki nýti sér þjónustu innheimtuaðila.

Það sem við teljum vanta í drögin eða megi skýra betur

Það virðist sem verið sé að flækja reglugerðina og aðferð við notendaskipti þannig að notendaskiptin verði mjög erfið í framkvæmd. Þetta kemur til með að gera raforkukaupendum erfitt fyrir en gildandi reglugerð er mun skýrari í dag um það hvernig notendaskipti eiga að fara fram.


Ef markmið löggjafans er að notendaskipti fari í gegn hjá sölufyrirtæki og svo frá sölufyrirtæki til dreifiveitu þarf það verklag að vera mun skýrara í reglugerðinni svo enginn vafi leiki á því hvernig framkvæma eigi notendaskipti. Hér virðist vera um einhverskonar millibilsleið að ræða þar sem ekki eru skýr verkaskipti milli söluaðila og dreifiveitna.

Í formála með drögum að reglugerðinni í Samráðsgátt kemur fram að áfram séu til skoðunar ákvæði reglugerðarinnar sem lúta að fyrirkomulagi við útgáfu reikninga fyrir sölu og dreifingu raforku, með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Í dag senda sölufyrirtækin út reikninga og sjá um innheimtu vegna rafmagnsnotkunar en dreifiveitur senda út reikninga vegna flutnings og dreifingar raforku. Þessu fylgir óhagræði og kostnaður vegna kröfugjalda fyrir neytendur þar sem þeir fá um hver mánaðarmót margar kröfur, frá sínu sölufyrirtæki og dreifiveitum á þeim svæðum þar sem þeir reka fasteignir.


Orku heimilanna hafa borist fjölmargar fyrirspurnir varðandi nýja snjallmæla og hvort rafmagnsnotendur hafi rétt á að hafna slíkum mælum. Við teljum eðlilegt að breytingar á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar taka á þessu málum.

Virðingarfyllst,

Orka heimilanna



Bjarni Ingvar Jóhannsson
Framkvæmdastjóri



Loftur Már Sigurðsson
Sérfræðingur raforkuviðskipta